

Línuhönnun
Friðrika Marteinsdóttir
Suðurlandsbraut
108 Reykjavík

2007120073
8717; 9310

Reykjavík, 2. október 2008
/--

Efni: Efnistaka Í Bolaöldum í Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun um matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Bolaalda ehf. að matsáætlun um efnistöku í Bolaöldum Sveitarfélaginu Ölfusi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar f.h. Bolaalda ehf. dags. 8. ágúst 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Bolaöldur ehf. Efnistaka í Bolaöldum. Línuhönnun. Ágúst 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu Bolaalda ehf. hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélaginu Ölfusi, Fornleifavernd ríkisins, Framkvæmdastjórn vatnsverndarsvæðis höfðuborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 28. ágúst 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. ágúst 2008, Framkvæmdastjórn vatnsverndarsvæðis höfðuborgarsvæðisins með bréfi dags. 27. ágúst 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 26. ágúst 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. september 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá Bolaöldum ehf. í kjölfar umsagna með bréfi dags. 29. september 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Bolaalda ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Línuhönnunar dags. 29. september 2008 og með eftirfarandi

athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 2.2 eru upplýsingar um stærð núverandi efnistökusvæðis og þess svæðis sem fyrirhugað er að taka efni af og áætlað magn. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að í frummatsskýrslu komi fram upplýsingar um það magn sem unnið hefur verið á Bolaöldusvæðinu fram til þessa.

Í kafla 1.1 kemur fram að: *"Ekki er nákvæmlega fyrirsjáanlegt hversu mikið magn er vinnanlegt á svæðinu en talið er að það sé að lágmarki 2.000.000 m³ og að hámarki 5.000.000 m³"*. Í kafla 2.2 kemur síðan eftirfarandi fram: *"Gert er ráð fyrir því að vinna námuna í þremur áföngum. Fyrsti áfangi stækkunarinnar gerir ráð fyrir um 400.000 m³ vinnslu, annar áfangi um 1.000.000 m³ og þriðji um 600.000 m³ eða alls um 2.000.000 m³. Áætlað er að vinna um 200.000 m³ á ári. Fjallað verður um vinnslu og áfangaskiptingu í frummatsskýrslu".* Þá er í kafla 3.2 fjallað um afmörkun framkvæmdasvæðis og reiknað með 2.000.000 m³ efnistöku á 10 árum í 3 áföngum. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram upplýsingar um áfangaskiptingu miðað við hámarksvinnslu, þ.e. 5.000.000 m³ og að miða eigi við að lýsa umhverfisáhrifum af hámarksvinnslu í frummatsskýrslu.

Frágangur

Í kafla 2.2.3 í tillögu að matsáætlun og í svörum við umsögn Umhverfisstofnunar er fjallað um frágang. Skipulagsstofnun vill leggja áherslu á að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um frágang eldri hluta námu, sem Bolaöldur hafa forræði yfir, með það fyrir augum að gengið verði frá námusári í hlíðum Vífilfells þannig að það verði ekki sýnilegt frá Suðurlandsvegi. Þá tekur Skipulagsstofnun undir það sem fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar og telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir því hvort að við frekari námuframkvæmdir sé gert ráð fyrir að efnistökusvæðið muni ekki verða sýnilegt frá Suðurlandsvegi.

Valkostir

Í kafla 2.3 kemur fram að ekki verði lagður fram annar valkostur varðandi staðsetningu námunnar. Skipulagsstofnun telur að gera verði ráð fyrir að í matsvinnunni verði skoðaðir aðrir kostir varðandi vinnslu námunnar, þ.á.m. afmörkun og vinnslutilhögun, með tilliti til umhverfisáhrifa og að gerð verði grein fyrir þessum niðurstöðum í frummatsskýrslu.

Skipulag og leyfi

Í kafla 3.3.2 kemur fram að fyrirhuguð efnistaka sé í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss. Samkvæmt breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 sem staðfest var 18. júní 2008 er gert ráð fyrir efnistöku sem nemur 1.5-2 milljónum m³ á svæði sem er 65 ha. Skipulagsstofnun bendir á að ef fyrirhuguð efnistaka verður umfram það magn sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi þarf að breyta skipulaginu í samræmi við það. Þessar upplýsingar þurfa að koma fram í frummatsskýrslu. Þá bendir stofnunin á að deiliskipulag, sbr. kafla 3.3.3, sem auglýst hefur verið er samþykkt en ekki staðfest af sveitarstjórn og þarf síðan að berast Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Áhrif á grunnvatn

Í kafla 4.3.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um grunnvatn. Í samræmi við umsögn Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir hvernig staðið verði að vöktun vegna hugsanlegrar mengunar grunnvatns frá námustarfsemi til vesturs inn á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Þá þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir þeim viðbrögðum vegna mögulegra mengunaróhappa vegna reksturs og framkvæmda í og við námuna.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, iðnaðarráðuneyti og Umhverfisstofnun.